

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
ÍSLENSKA 3A040
VORÖNN 2013 – 2. bekkur, tungumála- og félagsgreinasvið

Kennarar: Sigríður Steinbjörnsdóttir sst@ma.is, Stefán Þór Sæmundsson stefan@ma.is og Sverrir Páll Erlendsson svp@ma.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um upphaf ritaldar á Íslandi og flest sem ritað var í lausu máli fram um 1400.

- Lög, áttvísi, þýðingar helgar og spakleg fræði
- Íslendingabók
- Landnáma
- Konungasögur
- Íslendingasögur og -þættir
- Samtímasögur (biskupasögur og Sturlunga)
- Þýðingar (riddarasögur o.fl.)

Lesin verður **Grettis saga** og hún skoðuð sem dæmi um Íslendingasögu og tengd við ýmsar kenningar miðalda. Í framhaldi af umfjöllun um Sturlungu verður lesin bókin **Óvinafagnaður** e. Einar Kárason og vinna nemendur úr henni ritunarverkefni. Nemendur kynna sér íslenska nafnahefð (Málsaga - greinar úr Alfræði íslenskrar tungu) og skrifa ritgerð um nöfn.

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

upphafi sagnaritunar, hverjir, hvar, hvað og hvers vegna?
helstu flokkum íslenskra fornrita
uppbyggingu og hlutverki Íslendingaþátta
eðli, einkennum og varðveislu Íslendingasagna
hugmyndaheimi miðalda eins og hann birtist í Íslendingasögum.
Stöðu íslenskra miðaldabókmennta í evrópskri bókmenntasögu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

lesa íslensk fornrit með nútímastafsetningu og leggja sjálfstæða merkingu í textann
greina mismunandi stíltegundir og stílbrögð í íslenskum fornsögum
beita ólíkum stíltegundum og stílbrögðum í eigin texta
nýta sér vinnuaðferðir ferliritunar
gera útdrætti úr ólíkum textum
fjalla um íslensk nöfn úr fornsögum og eigin samtíma
tjá skoðun sína á námsefni áfangans, bæði í ræðu og riti

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

lesa íslenskar fornbókmenntir og mynda sér sjálfstæða skoðun á gildi/hlutverki þeirra
skrifa fjölbreytta texta
tjá sig munnlega, við ólíkar aðstæður, um hvað sem er

Námsefni:

Gísli Skúlason. 2008. *Hagnýtt skrif*. Mál og menning, Rvík. (Bók frá 1. bekk notuð áfram.)
Grettis saga. 1996. Örnólfur Thorsson annaðist útgáfuna. Mál og menning, Rvík. (+ yngri útgáfur).
Einar Kárason. 2002. *Óvinafagnaður*. Mál og menning, Rvík.
Málsaga - greinar úr Alfræði íslenskrar tungu. Kaflinn um ísl. mannanöfn.
Efni á Moodle.

Kennsluáætlun

Vikur – dagar	Viðfangsefni	Sérverkefni
1-2. vika (31. jan.- 8. feb.)	Kynning - Bókmenntasaga – upphafið	
3. vika (11. - 15. feb.)	Bókmenntasaga – sýnishorn - textabrot Yfirlit um bókmenntasöguna	Samanburður á textum. Stílfraði
4. vika (18. - 22. feb.)	<i>Grettis saga</i>	1. lota
5. vika (25. feb. - 1. mars)	<i>Grettis saga</i>	2. lota
6. vika (4. - 8. mars)	<i>Grettis saga</i>	3. lota
7. vika (11. - 15. mars)	<i>Grettis saga</i>	4. lota
8. vika (18. - 22. mars)	<i>Grettis saga</i> - páskafrí hefst 22. mars	5. lota
9. vika (3. - 5. apr.)	Yfirlit um <i>Grettis sögu</i> Nafnaritgerð sett fyrir	Ritgerðarlýsing á Moodle
10. vika (8. - 12. apr.)	Uppgjör við <i>Grettis sögu</i>	
11. vika (15. – 19. apr.)	<i>Sturlunga og Óvinafagnaður</i>	
12. vika (22. - 26. apr.)	<i>Óvinafagnaður</i> Lokið við nafnaritgerð	Skil á nafnaritgerð
13. vika (29. apr. - 3. maí)	<i>Óvinafagnaður</i>	
14. vika (6. - 10. maí)	<i>Óvinafagnaður</i> - tímaritgerð	Tímaritgerð
15. vika (13.- 17. maí)	Upprifjun á <i>Grettis sögu</i>	
16. vika (21. - 24. maí)	Samantekt og uppgjör	

Námsmat:

Tímaverkefni úr <i>Óvinafagnaði</i>	15%
Nafnaritgerð	12%
Ástundun og vinnusemi	13%
Próf úr <i>Grettlu</i> og bókmenntasögu	60%

- Þeir sem fá lægri einkunn en 7 fyrir tímaverkefni í *Óvinafagnaði* leysa viðbótarverkefni á lokaprófi.
- Séu ritgerðir ótækar og illa gerðar að mati kennara skulu nemendur vinna þær að nýju
- Nauðsynlegt er að ná lágmarkseinkunn (5) á prófi til að aðrir þættir reiknist inn í lokaeinkunn.

Reglur um verkefnaskil og próf í íslensku

- Allir nemendur eiga að **skila verkefnum á réttum tíma** nema að fenginni undanþágu hjá kennara.
- **Verkefni** (ritgerðir, fyrirlestrar, vinnubækur o.þ.h.): Skili nemandi of seint dregst einn heill frá fyrir hvern skóladag, fyrstu þrjá dagana. Eftir það fær nemandinn einkunnina 0 en verður þó að skila verkefninu til að fá skilin metin inn í áfangann.
- **Sé lokapróf í áfanga gilda verkefni annarinnar ekki fyrir en nemandi hefur lokið prófinu.**